

Símenntunaráætlun fyrir starfsmenn Lundarsels 2019 - 2020

Markmið með símenntunaráætlun Lundarsels er að auka starfsánægju og hæfni í starfi.

Leiðir:

Leikskólastjóri skipuleggur eftirfarandi símenntunaráætlun í samráði við starfsmenn. Símenntunaráætlun er í **sífeldri** endurskoðun þar sem þarfir skólans er skoðaðar jafnt og þétt. Leikskólastjóri gerir ráð fyrir að einstakir starfsmenn muni (að eigin ósk) sækja fræðslu annars staðar frá. MUNIÐ STYRKI HJÁ STARFSMANNAFÉLÖGUNUM Einingu-Iðju og Félag leikskólakennara/Félag stjórnenda í leikskólum, Félag Iðjubjálfa. Hver félagsmaður á rétt á styrk til símenntunar.

Sitji starfsmenn námskeið sem er lengur en vinnutíma nemur, fær hann ekki greidd laun fyrir umfram tímann, enda er hann að sitja námskeiðið að eigin ósk. Ef leikskólinn **sendir** starfsmann á námskeið, sem stendur lengur en sem nemur vinnutíma starfsmanns, greiðist yfirvinna fyrir umfram tímana.

Fari einstaka starfsmenn á námskeið eða fyrirlestur ber þeim skylda til að hafa um það kynningu á starfsmannafundi 10 -30 mínútur.

Símenntun starfsmanna Lundarsels

Starfsþróun, allir starfsmenn saman og eða deildarfundir til að ræða saman, sammælast, meta og þróa starfið.

Kynning á streitu í nútímasamfélagi. Farið verður yfir muninn á streitu, kulnun og sjúklegri streitu 13. Sept 13.00-14.00. Umsjón Helga Hrönn Óladóttir
Umdæmisstjóri Streituskólans og Streitungótökunnar á Norðurlandi.

Gaman Saman Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólana fimmtudaginn 17. okt 12.00-16.00

Samskipti – virðing – ábyrgð Ólína fjölskylduráðgjafi eða einhver annar.

Nútímavæðing skólana/appkennsla

Mál og munnur barna Sonja, talmeinafræðingur

Náms- og kynnisferð erlendis með öllum starfsmönnum 22. – 25. apríl. Umsjón Skólastjórnendur. Kennarar sækja um hópstyrk í sinn sjóð og leikskólastjóri sækir um fyrir einingafólkið.

Námskeið sem sumir starfsmenn fara á:

- Námskeið fyrir nýja starfsmenn um heimspeki í Umsjón Helgu Maríu haldið í sept/okt.
- Námskeið fyrir Elínu Heiðu og Elísu á grunnnámskeið PMT/SMT, Samtals 3 tímar. Umsjón Dalrós.
- Kynning fyrir nýja starfsmenn um PMT í Umsjón Helgu M og Dalrósar.
- Tras námskeið – tveir til þrjú kennarar fara á námskeið í október.
- Kennsla á slökkvitæki – ca einn starfsmaður í einu af hverri deild. Umsjón slökkviliðið.
- Heimilis og kynferðisofbeldi með börnum. Starfsmenn sem ekki hafa fraið hvattir til að fara.
- Markþjálfun/handleiðsla 1,5 tímar í senn. Umsjón Sigurbjörg Rún Jónsdóttir og Ingunn Helgadóttir fyrir stjórnendur Lundarsels.
 - ♥ Skólastjóri sækir ýmsa fræðslu sem Akureyrarbær heldur utan um.
 - ♥ Sérkennslustjóri sækir fræðslu sem Umsjónar maður með sérkennslu sér um.